Ed. **263. Nefndarálit** [40. mál]

um till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á verðbréfa- og víxlakaupum banka og annarra lánastofnana, sem verðbréf kaupa.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að málinu sé vísað frá með rökstuddri dagskrá. Við undirritaðir nefndarmenn mælum hins vegar með samþykkt þingsályktunartillögunnar.

Alþingi, 11. febr. 1964.

Ólafur Jóhannesson, frsm. Hermann Jónasson.